

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Skálabrekkugata 1, Heiðarás (1A), 1B, 1C, 3 og 7.

Óveruleg breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi og felst í tilfærslu á lóðarmörkum milli Skálabrekkugötu nr. 3 og 7 auk leiðréttingar á lóðarmörkum og lóðarstærðum innan svæðis sem breytingartillagan nær yfir. Hámarks nýtingarhlutfall byggingarmagns er 0,03 á lóð nr. 7 en að öðru leyti gilda skilmálar frá 3. október 2006. Aðkoma að lóð nr. 7 er innan lóðar og verður á milli lóða nr. 3, 9 og 11. Stærð lóða breytist í samræmi við það.

Lóðir nr. 1, Heiðarás (1A), 1B og 1C eru stækkaðar vegna ósamræmis í hnitasetningu og teikningum. Allar lóðir innan deiliskipulagsbreytingarinnar hafa verið mældar upp og breytist því stærð og lögun þeirra í samræmi við það:

Lóð nr. 1 fer úr 14.500 m² í 15.900 m².

Lóð Heiðarás (1A) fer úr 14.500 m² í 15.700 m².

Lóð nr. 1B fer úr 9.500 m² í 11.300 m².

Lóð nr. 1C fer úr 9.500 m² í 9.100 m².

Lóð nr. 3 fer úr 22.700 m² í 24.300 m².

Lóð nr. 7 fer úr 15.000 m² í 12.200 m².

Samþykkt í sveitarstjórn 1. október 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 31. janúar 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 14. febrúar 2020